

Styrkingarmöguleikar burðarlags í vegum, áfangaskýrsla 2016 – Júní 2017. Þorbjörg Sævarsdóttir, Efla, Jón Magnússon, Vegagerðin, Bergþóra Kristinsdóttir, Efla.

Í áfangaskýrslu um fyrsta áfanga þessa verkefnis kom fram að athuganir gæfu til kynna að sementsbinding burðarlag skilaði bestum árangri miðað við óbundið eða bikbundið burðarlag, en þessir þrír styrkingarmöguleikar voru til skoðunar. Í þessum áfanga var ætlunin að skoðað þetta nánar og fjallar skýrslan um það. Í skýrslunni er einnig fjallað um leiðbeiningar og rit sem aðrar þjóðir hafa sett fram um styrkingarmöguleika og val á aðferðum í því sambandi. Litið er til Noregs, Bretlands, Nýja Sjálands og Bandaríkjanna. Þá er fjallað um festun á Íslandi, sem hófst með tilraunum í upphafi 10. áratugar síðustu aldar.

Í verkefninu voru sex kaflar, þar sem burðarlag var endurnýjað, skoðaðir sérstaklega. Þrír með sementsfestun, einn með bikfestun og einn þar sem burðarlag var ómeðhöndlað. Einnig voru falllódsmælingar fyrir aðra kafla skoðaðar, til að meta árangur styrkinga á þeim stöðum.

Niðurstöður athugana sem gerðar voru í þessum áfanga staðfesta það sem fram kom í fyrri áfangaskýrslu. Festun burðarlags skilar auknum styrk, borið saman við óbundið burðarlag. Sementsfestun gefur stífa vegbyggingu, en bikfestun sveigjanlega. Einnig virðist sementsfestun gefa jafnari niðurstöður. Meiri stöðugleiki er í bikfestum köflum þar sem bikþeyta hefur verið notuð, samanborið við froðubik. Taka þarf tillit til þessara mismunandi eiginleika þegar aðferð til styrkingar er valin. Almennt þarf að skoða staðhætti vel og finna þarf rót vandans til að geta lagað hann.

Verkefnið mun halda áfram. Staðhættir á þeim köflum sem til skoðunar eru verða kortlagðir frekar og upplýsingum um undirbyggingu og undirlag þeirra safnað. Þá verða falllódsmælingar bakreiknaðar til að geta greint betur hvar veikleikar uppbygginganna eru, fyrir og eftir endurbætur. Leitað er svara við spurningunni, hvenær og hvernig er heppilegt að festa burðarlag og hvenær er nægilegt að nota óbundið burðarlag.